

**Sp.**

**652. Breytingartillögur**

við þingsályktunartillögu á þingskjali 623 (Fjármálanefnd).

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. Fyrri málsgrein orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að kjósa 3 manna nefnd, með hlutbundnum kosningum, til að ihuga og gera tillögur um framtíðarskipulag bankamála ríkisins, og leggja fyrir næsta þing tillögur sínar þar að lútandi.

2. Síðari málsgrein orðist svo:

Nefndin skal enn fremur vera í ráðum með stjórninni um meðferð væntanlegs ríkissjóðsláns, ef til kemur.